

Ár 2013, mánudaginn 15. júlí, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af dómurinum Gunnari Guðmundssyni, Sigurði I. Halldórssyni og Sigurði Magnússyni á skrifstofu ÍSÍ í Laugardal.

Fyrir er tekið: Mál nr. 4/2013.

Lyfjaráð ÍSÍ

gegn

Jónínu Sveinbjörnsdóttur

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## DÓMUR

### I.

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSÍ, dagsettri 25. mars 2013 og mótttekinni af skrifstofu ÍSÍ þann 26. mars 2013.

Kærða er Jónína Sveinbjörnsdóttir kt.170587-3249 búsett að Helluvaði 17, 110 Reykjavík.

Gunnar Guðmundsson, dómari í Dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands fékk máli þessu úthlutað til dómsmeðferðar sama dag og kæran barst skrifstofu ÍSÍ þ.e. þann 25. mars s.l. Var kærðu gefið tækifæri að koma að sínum sjónarmiðum eða halda upp vörnum vegna kærunnar. Skilaði kærða greinargerð þann 17. apríl s.l. og var kæranda gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir, sem hann gerði þann 3. maí s.l. Svargreinargerð kærðu barst dómnum þann 14. júní og voru málsaðilar þá boðaðir til þinghalds þann 1. júlí s.l.

Þar sem varnir komu fram af hálfu kærðu ákvað dómari í samræmi við grein 23.6. í lögum ÍSÍ að kveðja til tvo meðdómsmenn þá Sigurð Inga Halldórsson hdl. og Sigurð Magnússon, doktor í líffræði.

Í þinghaldi þann 1. júlí s.l. að viðstöddum dómurum málsins og fulltrúum málsaðila var málið þingfest og ákveðið að málf lutningur yrði skriflegur. Voru þá lögð fram skjöl málsins nr. 1-6. Var báðum málsaðilum gefinn kostur á að skila skriflegum athugasemdum í síðasta lagi á hádegi þann 8. júlí 2013. Fyrir þann tíma barst skrifleg athugasemd frá lögmanni kærðu í málinu, ásamt fylgiskjölum.

### Kröfur málsaðila

Af hálfu kæranda er þess krafist að kærða verði dæmd til 2 ára óhlotgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá upphafi bráðabirgðabanns 10. mars 2013 að telja.

Af hálfu kærðu er aðalkrafan sú að kröfum kæranda í málinu verði alfarið hafnað og til vara að kærða verði dæmd til vægari viðurlaga en krafist er af hálfu kæranda.

## II.

Í kæru lýsir kærandi málavöxtum þannig:

„Kærða er félagsmaður í Kraftlyftingasambandi Íslands, sbr. meðfylgjandi Iðkendalista. Þann 8. og 9. mars 2013 var ítrekað reynt að boða kærðu í lyfjaeftirlit á æfingarstað, heimili, með SMS og í gegnum síma. Lyfjaeftirlitsaðilar höfðu samband við þjálfara kærðu og fengu staðfestingu hjá honum að símanúmer sem þeir töldu vera hjá kærðu væri rétt. Þjálfarinn var frekar loðin í svörum um hvar kærða væri niðurkomin og um það hvenær hann myndi hitta hana aftur en kærða er unnusta þjálfarans. Samkvæmt vitnisburði kærðu hafði þjálfarinn samband við hana símleiðis föstudagskvöldið 8. mars og lét hana vita af því að Lyfjaeftirlit ÍSÍ væri að reyna að boða hana í lyfjapróf. Samkvæmt kærðu sagði þjálfarinn henni að hún myndi líklegast mælast of há í testósteróni ef hún færi í lyfjapróf núna og því ætti hún að reyna að forðast að láta ná í sig strax. Kærða greindi einnig frá því að hún hafi tekið eftir símtölum og SMS sendingu frá lyfjaeftirlitsaðilium en ákveðið að svara ekki vegna þess að hún vildi ekki ræða þessi mál innan um vinkonur sínar sem hún var að skemmta sér með í sumarbústað. Kærða hafði síðan sjálf samband við lyfjaeftirlitsaðila um kl. 23 að kvöldi laugardagsins og viðurkenndi að hafa forðast lyfjaeftirlitsaðila auk þess sem kærða kvaðst, um tveggja vikna skeið, hafa neytt efna sem eru á bannlista. Síðast hefði hún tekið inn slík efni 2. mars sl.

Kærða hafði einnig samband við meðstjórnanda Krafts, sem ráðlagði henni að skrá sig úr aðildarfélagi ÍSÍ og virðast þessar ráðleggingar hafa það markmið að forða henni frá skyldum til að mæta í lyfjaeftirlit. Lyfjaráð lítur þessar ráðleggingar mjög alvarlegum augum.“

Að öðru leyti vísar kærandi síðan til skýrslu Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ um málavexti.

Af hálfu kæranda er vísað til þess að samkvæmt gr. 4.1.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál gildir bannlisti WADA innan ÍSÍ og á m.a. við alla skráða félagsmenn í félögum innan sambandsaðila ÍSÍ, sbr. gr. 1.2.1. Samkvæmt gr. 2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál er lyfjamisnotkun bönnuð og telst brot m.a. framið ef sannað telst að iðkandi noti eða geri tilraun til notkunar á bönnuðu efni eða aðferð (gr. 2.2).

Með vísan til lýsingar á málavöxtum og framlagðra sönnunargagna, einkum játningar kærðu, er það mat Lyfjaráðs ÍSÍ að kærða hafi með háttsemi sinni gerst sek um lyfjamisnotkun. Varðandi refsingu kærðu bendir kærandi á að samkvæmt gr. 10.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál skal refsing fyrir fyrsta brot vera að lámarki tveggja ára óhlotgengi. Upphaf óhlotgengis miðast við það tímamark er kærða samþykkti bráðabirgðabann hinn 10. mars sl.

Að mati kæranda eiga sjónarmið og reglur um vægari refsingu ekki við í þessu máli varðandi lengd keppnisbanns kærðu þar sem efni það sem kærða neytti flokkast sem vefaukandi efni (flokkur S1) og getur ekki talist sem sérstaklega tilgreint efni samkvæmt gr. 4.2.2. í lögum ÍSÍ um lyfjamál

Varðandi lagarök eru kröfur kæranda í máli þessu reistar á lögum ÍSÍ um lyfjamál en einkum er vísað til greinar 1.2.1. varðandi það til hverra lögin taka. Til greinar 4 sem mælir fyrir um að bannlisti WADA gildi um íþróttamenn innan ÍSÍ og greinar 2.2 varðandi tegundar brots. Þá vísar kærandi til greinar 10 varðandi viðurlög einkum greinar 10.2.

### III.

Kærða lýsir málavöxtum og málsástæðum þannig í greinargerð:

„Þann 8. mars sl. fór kærða í sumarbústaðaferð í Grímsnes með vinkonum sínum. Þann sama dag um kl. 15:30 komu starfsmenn lyfjaeftirlitsnefndar í Sporthúsið þar sem kærða æfir og ætluðu að taka hana í lyfjapróf. Kærða var því eðli málsins samkvæmt fjarverandi. Á föstudagskvöldinu sá kærða mörg símtöl í símanum sínum sem hún hafði ekki svarað. Jens Andri Fylkisson, unnusti kærðu og þjálfari, lét hana vita símleiðis að lyfjaeftirlitið væri að leita að henni. Jens Andri tjáði kærðu jafnframt að töflurnar sem kærða hafði tekið tvær vikurnar á undan gætu haft þau áhrif að kærða myndi mælast há á lyfjaprófi. Kærða fékk svo sms frá Örvari Ólafssyni, starfsmanni lyfjaeftirlitsnefndar, síðar á föstudagskvöldinu um að hringja í sig. Kærða sem var í skemmtihelgi með vinkonum sínum eins og fyrr greinir komst í mikið uppnám vegna þessa. Hún hafði enga hugmynd um það að töflurnar sem hún hafði tekið síðustu 14 dagana á undan gætu verið ólöglegar en hún og Jens Andri töldu að eingöngu um fæðubótarefni væri að ræða.

Kærða hafði samband símleiðis við Örvar Ólafsson kvöldið eftir og greindi honum hreinskilnislega frá því hvaða töflur hún hafði tekið og að Jens Andri hefði greint henni frá því að hún gæti mælst há á lyfjaprófi. Kærða tjáði Örvari að hún gæti hitt lyfjaeftirlitið þá þegar á laugardagskvöldinu en Örvar sagði það óþarft og að kærða hafi ekki verið formlega boðuð til lyfjaprófs og hann ætlaði ekki að nota símtalið til þess. Örvar greindi kærðu frá því að haft yrði samband við hana næsta dag (þ.e. sunnudaginn 10. mars) og hún yrði líklega boðuð þá í skýrslutölu vegna málsins.

Í framhaldi af fyrrgreindu símtali kærðu við Örvar Ólafsson hringdi kærða í Guðjón Hafliðason varaformann Kraft því hann hafði haft samband við Jens Andra. Kærða greindi Guðjóni um hvað málið snerist. Að sögn kærðu hafði Guðjón í framhaldinu samband við Örvar Ólafsson. Kærða og Guðjón ræddu svo aftur saman símleiðis og ráðlagði Guðjón kærðu af einhverjum orsökum að skrá sig úr ÍSÍ og LFR. Kærða hringdi því næst í Hrönn Svavarsdóttir, formann LFR þar sem kærða er skráð í það félag og bað hana að skrá sig úr LFR, að ráðleggingu Guðjóns Hafliðasonar.

Daginn eftir, sunnudaginn 10. mars hringdi Örvar Ólafsson í kærðu um kl. 20:30 og bað kærðu að koma í ÍSÍ í skýrslutöku sem hún og gerði. Svo virðist sem skýrslutakan hafi verið tekin upp í hljóði en kærða minnst þess ekki að henni hafi verið gerð grein fyrir því eða hvort hún hefði athugasemdir við þá tilhögun. Hún minnst þess heldur ekki að hafa verið gerð grein fyrir réttarstöðu sinni eða að hún eigi rétt á að hafa aðstoðarmann eða lögmann viðstaddan skýrslutökuna. Ljóst er að skýrslutökur hjá lyfjaeftirlitsnefnd er ígildi skýrslutöku hjá lögreglu þar sem aðili getur eftir atvikum verið að játa á sig ólöglegt og eftir atvikum refsivert athæfi og í ljósi þessa verður að gera alvarlegar athugasemdir við framkvæmd og form á skýrslutöku yfir kærðu. Kærðu var enda tilkynnt af formanni lyfjaeftirlitsnefndar að kærða gæti litið þannig á hlutina að það væri lögreglan sem væri að taka af henni skýrslu. Vinnubrögðin voru þau í engu lík vinnubrögðum lögreglu við skýrslutöku. Eftir því sem best er vitað eru starfsmenn lyfjaeftirlitsnefndar ólöglærðir. Kærða sem var í áfalli yfir málinu og var sökuð um neyslu ólögmetra efna var svo látin undirrita afar einkennilegan vitnisburð sem fylgir gögnum málsins, m.a. um að hún hafi ekki svarað símtölum vegna boðunar í lyfjapróf, sem er rangt í ljósi framanritaðs. Kærða hefur lýst því þannig fyrir lögmanni sínum að hún hafi verið brotin niður í skýrslutökunni af hálfu formanns lyfjaeftirlitsnefndar. Í kærðu kemur fram að kærða hafi játað sakargiftir. Því er alfarið hafnað. Engin játning kærðu á notkun á ólöglegu

efni liggur fyrir í gögnum málsins en þótt svo væri er ljóst að meint játning var fram fengin í afar óvandaðri málsmeðferð og skýrslutöku sem gerir hana að engu hafandi.

Að sögn kærðu það formaður lyfjaeftirlitsnefndar, Áslaug Sigurjónsdóttir, samstarfsmann sinn, Örvar Ólafsson, um að skrifa niður á blað að kærða væri að neita lyfjaprófi en Örvar hafi svarað að kærða væri ekki að neita lyfjaprófi. Kærða tók fram við formanninn að ekkert væri því til fyrirstöðu að hún myndi fara í lyfjapróf. Örvar tók þá fram að það sé óþarfi þar sem kærða sé að játa sakargiftir. Við þetta brotnaði kærða niður fyrir framan starfsmenn eftirlitsnefndarinnar. Verður að lýsa yfir furðu á umræddum vinnubrögðum nefndarinnar ekki síst að taka ekki lyfjapróf af kærðu til að taka af vafa um sekt eða sakleysi, burtséð frá því hvað hún haldi eða haldi ekki að efni sem hún hafði áður neytt sé ólöglegt eða ekki. Ljóst er að niðurstaða málsins getur haft miklar og afdrifaríkar afleiðingar á íþróttuferil kærðu og hagi hennar persónulega. Er það því með miklum ólíkindum að ekki skuli vera vandað betur til verka af hálfu lyfjaeftirlitsnefndarinnar. Málsmeðferðin er öll í skötulíki og málið sýnist í raun ekki fullunnið því kærða var aldrei tekin í lyfjapróf þrátt fyrir að hún byðja það fram sjálf þegar á sunnudagskvöldinu.

Í umræddri skýrslutöku var kærða beðin um að benda á þá íþróttamenn sem Jens Andri Fylkisson þjálfar eða ætlaði að aðstoða á Íslandsmeistaramótinu í kraftlyftingum. Að sögn kærðu fengu íþróttamennirnir sem Jens Andri þjálfar og/eða aðstoðar símtal frá lyfjaeftirlitsnefndinni þar sem því var haldið fram að keppandi frá Jens Andra hafi játað að hafa notað ólögleg lyf og það þurfi að ræða við aðra keppendur frá honum. Kærða er eini keppandinn sem Jens Andri þjálfar sem hann hefur mælt með neyslu fæðabótarefnda. Engir aðrir keppendur hans kaupa efni að hans ábendingu. Þess vegna varð þegar augljóst meðal annarra keppenda Jens Andra hver hinn umræddur einstaklingur var og að sögn kærðu vissi „allt Sporthúsið” um stöðu mála vegna þessa. Í dag er það almannarómur að bæði kærða og Jens Andri hafi fallið á lyfjaprófi og Jens væri í rannsókn hjá lögreglu vegna dreifingu á sterum. Kærða kvartaði við Skúla Skúlason formann lyfjaráðs ÍSÍ. Svar Skúla var að sögn kærðu það að allir í Sporthúsinu vissu af málinu og ekki skipti máli þótt svo væri þar sem kærða yrði hvort eða er nafngreind í fjölmiðlum síðar. Þessi vinnubrögð nefndarinnar hafa því nú þegar haft miklar afleiðingar fyrir kærðuog Jens Andra og eru fyrir neðan allar hellur enda hefur kærða fyrir það fyrsta aldrei játað neyslu ólöglegra lyfja og þótt svo hefði verið er vandséð að það sé hlutverk starfsmenna lyfjaeftirlitsins að upplýsa aðra um málið á meðan það er enn í vinnslu og rannsókn. Vinnubrögð nefndarinnar eru slík að ljóst er að ef um væri að ræða almennt sakamál væri auðséð að vísa ætti málinu frá dómi vegna galla á málsmeðferð og slælegrar rannsóknar. Lyfjaeftirlitið hringdi einnig í formann kraftlyftingarsambands Ármanns til að láta hann vita af málinu.

Lyfjaeftirlitið virðist því telja að upplýsa þurfi sem flesta um málið áður en því er til lykta leitt fyrir dómstól ÍSÍ. Verður að fordæma slík vinnubrögð sem eru án mannvirðingar og vandaðrar málsmeðferðar.

Það er fráleitt að halda því fram að kærða hafi fordæst lyfjaeftirlitið eða hafi neitað lyfjaprófun. Kærða var í umræddri sumarbústaðaferð sama dag og lyfjaeftirlitið ætlaði að taka hana í próf og fékk aldrei formlega boðun um að mæta í lyfjapróf. Eðli málsins samkvæmt var kærða ekki í aðstöðu umrædda helgi til að mæta til lyfjaeftirlitsins. Þar fyrir utan er ljóst að símboðun í lyfjaeftirlit er ekki nægjanlegt ef kærða er ekki á boðunarlista ÍSÍ. Þá neitaði kærða aldrei að fara í lyfjapróf.

Það er rangt og því er mótmælt sem segir í málavextalýsingu í kærðu að Jens Andri hafi ráðlagt kærðu að forðast að láta lyfjaeftirlitið ná í sig strax. Það er einnig rangt að Jens Andri hafi greint kærðu frá því að hún myndi mælast of há í testósteróni ef hún færi í lyfjapróf. Hið rétta er að Jens Andri tjáði kærðu að hún gæti mælst há í lyfjaprófi en hann einfaldlega gat ekki staðhæft neitt um það. Þá er það einnig rangt að kærða hafi viðurkennt í símtali við Örvar Ólafsson, laugardagskvöldið 9. mars sl., að hún hafi vísvitandi forðast lyfjaeftirlitsaðila.

Eins og fyrr greinir var kærðu ráðlagt af varaformanni Kraft að skrá sig úr félaginu sem hún og gerði. Af hálfu kærðu var það ekki gert í þeim tilgangi að forðast lyfjaeftirlit enda hefur kærða aldrei neitað að mæta í lyfjapróf, hvorki fyrir né síðar þótt það liggi fyrir að hún hafi aldrei verið boðuð í slíkt próf. Varaformaður Kraft verður að svara fyrir sínar ráðleggingar til kærðu vegna þessa en það skal ítrekað að það þjónar ekki tilgangi kærðu að forðast lyfjaeftirlit. Hagsmunir kærðu liggja í því að málið upplýsist en ekki að hún sé dæmd á veikum grunni án fullnægjandi rannsóknar og málsmeðferðar.

Á heimasíðu lyfjaeftirlits ÍSÍ ([www.isi.is/lyfjaeftirlit/lyfjaeftirlitid/ferlid](http://www.isi.is/lyfjaeftirlit/lyfjaeftirlitid/ferlid)) kemur fram að íþróttamaður sem boðaður hefur verið til lyfjaeftirlitsstöðvar skuli mæta þangað „*svo fljótt sem kostur er*“. Þegar á sunnudeginum 10. mars mætti kærða til lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ og gaf þar sinn vitnisburð. Kærða neitaði aldrei að mæta til lyfjaprófs og lyfjaeftirlitinu hefði auðvitað verið í lófa lagið að framkvæma lyfjaeftirlit á kærða þann dag í síðasta lagi. Af einhverjum orsökum var það ekki gert. Ástæðan verður varla úrsögn kærðu úr Kraft eða LFR því sú úrskráning tekur varla gildi á sunnudegi. Verður að ítreka furðu á umræddum vinnubrögðum lyfjaeftirlitsnefndar að framkvæma ekki lyfjapróf á kærðu á sunnudeginum. Ljóst er að kærða mætti til lyfjaeftirlitsins svo fljótt sem henni var frekast kostur. Kærða lýsir því raunar hér með yfir að hún er enn þann daginn í dag tilbúin til að mæta til lyfjaprófs.

Varakrafa kærðu er að henni verði gerð vægari viðurlög en kærandi krefst. Í því sambandi skal bent á að ljóst má vera að enginn ásetningur til inntöku ólöglegra efna liggur fyrir hjá kærðu. Hún tók fæðubótarefni í góðri trú að ábendingu þjálfara síns, Jens Andra Fylkissonar og ekki er hægt að saka kærðu um vanrækslu með því að hafa í einlægni trúað þjálfara sínum. Samkvæmt grein 10.4 í lögum ÍSÍ um lyfjamál má fella niður eða stytta óhlutgengi ef íþróttamaðurinn sýnir t.d. fram á að ekki hafi verið ætlunin að bæta árangur eða fela notkun árangursbætandi efnis. Telja verður að umrætt ákvæði eigi við í tilfelli kærðu. Í grein 10.5 í sömu lögum má veita undanþágu eða styttingu á tímabili óhlutgengis vegna sérstakra aðstæðna. Kærða hefur bæði sýnt samvinnu við rannsókn málsins og sagt satt og rétt frá málavöxtum eftir sinni bestu vitund. Það skal ítrekað vegna tillögu nefndarinar um refsingu til handa kærðu, þ.e. óhlutgengi hennar að hún hefur ekki fallið á lyfjaprófi enda aldrei farið í slíkt próf.

Kærða stóð í þeirri meiningu að hún væri að taka testósterón booster sem eru löglegir. Að ráði þjálfara síns tók hún inn það sem hún taldi vera booster, eða fæðubótarefni D-Bol Methadrogenol<sup>®</sup>. Enn hefur ekki verið framkvæmt lyfjapróf á kærðu til að mæla hvort efnið sem hún tók sé ólöglegt eður ei. Í máli þessu hefur því í raun ekki enn verið sýnt fram á að umrætt efni sé ólöglegt eður ei. Í kærðu kemur fram að efnið sem kærða neytti flokkist sem vefjaaukandi efni (flokkur S1). Það er rangt því umrætt efni er í mesta lagi hormóna hvati og stilliefni (flokkur S4.4). Lyfjaeftirlitsnefndin er því ekki að kæra kærðu fyrir notkun á umræddu efni D-Bol sem kærða hefur viðurkennt að hafa notað heldur eitthvað allt annað efni. Það ótrúlega er að í gögnum málsins liggja ekki fyrir neinar prófanir eða greiningar á því efni sem kærða neytti en hún hefur engu að síður verið kærð fyrir notkun á flokki S1.“

Varðandi lagarök vísar kærða til laga ÍSÍ um lyfjamál.

## IV

### Niðurstöður

Mál þetta er óvenjulegt að því leyti að í því liggur ekki fyrir niðurstaða efnagreiningar á sýni frá þeim ípróttamanni sem í hlut á og verður því að byggja á öðrum sönnunargögnum við úrlausn þess.

Rétt er að geta þess að kærandi gerir engar kröfur í málinu er lúta að efni í grein 2.3. í lögum ÍSÍ um lyfjamál um vandkvæði við boðun og framkvæmd lyfjaeftirlits.

Kærða gerir hvorki athugasemdir við lögsögu Lyfjaeftirlitsnefndar og Lyfjaráðs ÍSÍ í málinu né að bannlisti WADA hafi gilt um hana á þeim tíma sem meint brot á að hafa verið framið. Dómurinn bendir þó á að í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu er ekki að finna staðfestingu á því að kærða hafi verið félagsmaður í félagi innan ÍSÍ á þeim tíma, þar sem afrit af upplýsingaspjaldi notanda á framlögðu dómskjali, sem sýnir skráningu í iðkendahópa í lyftingum og kraftlyftingum á árinu 2012 og úrskráningu úr sömu iðkendahópum þann 9. mars 2013, er ekki auðkennt með nafni eða kennitölu kærðu.

Eins og fram hefur komið byggir kærandi mál sitt á eftirtöldum atriðum:

1. Kærða tók inn vöruna D-Bol (Methadostenol) frá SDI-LABS
2. Kærðu og þjálfara hennar var ljóst að varan innihéldi efni á bannlista WADA
3. Samkvæmt innihaldslýsingu vörunnar inniheldur hún efni úr flokki S1A á bannlista WADA
4. Í öðru máli sem rekið var fyrir Dómstól ÍSÍ (02/2013) greindist niðurbrotsefni efnis úr flokki S1A á bannlista WADA í sýni frá ípróttamanni sem tók inn sömu vöru

Kærða byggir vörn sína í meginatriðum á eftirtöldum atriðum:

1. Kærðu var ekki ljóst hvort varan innihéldi efni sem eru á bannlista WADA
2. Ekki hefur verið sýnt fram á að varan innihaldi efni sem eru á bannlista WADA
3. Í yfirlýsingu lyfjafræðings kemur fram að ekki verði séð af innihaldslýsingu vörunnar að hún innihaldi nein efni sem eru á bannlista WADA
4. Svo virðist sem ákæran sé byggð á að tilteknu innihaldsefni vörunnar sem kærða neytti, sem ekki hefur verið sýnt fram á að hafi vefjaaukandi áhrif, sé ruglað saman við annað efni, sem er á bannlista WADA og ber svipað heiti
5. Ekki hefur þýðingu í þessu máli að í máli 02/2013 hafi verið sýnt fram á ólögleg efni í sýni frá ípróttamanni sem tók inn D-Bol, þar sem ekki er víst að um sömu vöru hafi verið að ræða

1.

Á framlögðu dómskjali (1.5) er undirritaður og vottaður vitnisburður kærðu, dagsettur 10. mars 2013, þar sem hún játar að hafa tekið inn vöruna D-Bol Methadostenol. Í athugasemd við grein 2.2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál er tekið fram að notkun eða tilraun til notkunar á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð sé hægt að staðfesta með traustum aðferðum, svo sem viðurkenningu ípróttamannsins.

Dómurinn telur því ljóst af vitnisburði kærðu að hún hafi tekið inn umrædda vöru. Í greinargerð lögmanns kærðu er því hins vegar mótmælt að í vitnisburði kærðu hafi fallist játning á notkun á ólöglegu efni og því haldið fram að engin slík játning liggi fyrir í gögnum málsins. Ekki verður ráðið af orðalagi í vitnisburði kærðu að hún hafi fallist á að varan hafi innihaldið efni af bannlista WADA. Verður því að telja að játning á notkun efnis af bannlista WADA liggi ekki fyrir.

2.

Kærandi heldur því fram að ljóst megi vera af athæfi kærðu og þjálfara hennar að þeim hafi verið kunnugt um að varan sem kærða tók inn hafi innihaldið efni sem eru á bannlista WADA. Samkvæmt orðalagi greinar 2.2.1 í lögum ÍSÍ um lyfjamál telst ekki nauðsynlegt að sýna fram á ásetning, mistök, vanrækslu eða meðvitaða notkun íþróttamannsins til að staðfesta brot á reglum um notkun bannaðs efnis eða aðferðar, verði á annað borð færðar sönnur á hana. Dómurinn telur þó rétt að leggja mat á sönnunarfærslu kæranda varðandi þetta atriði.

Til stuðnings staðhæfingu sinni um að ljóst megi vera af athæfi kærðu og þjálfara hennar að þeim hafi verið kunnugt um að varan sem kærða tók inn hafi innihaldið efni af bannlista WADA vísar kærandi einkum til viðbragða þjálfara, auk þeirra áhrifa sem varan hafði á kærðu. Þeim áhrifum sem varan hafði á kærðu er ekki ítarlega lýst í málsgögnum, en í skýrslu Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ kemur fram að þau hafi m.a. verið þyngdaraukning, auk annarra líkamlegra breytinga sem kærða var ekki ánægð með. Þar sem margt getur valdið þyngdaraukningu og öðrum áhrifum er ekki lýst frekar telur dómurinn ósannað að kærðu hafi hlotið að vera ljóst af þessum áhrifum að varan sem hún tók inn innihéldi efni af bannlista WADA.

Sem fyrr segir verður ekki ráðið af orðalagi í vitnisburði kærðu að henni hafi verið kunnugt um að varan hafi innihaldið efni af bannlista WADA þegar hún tók hana inn. Í yfirlýsingu starfsmanns Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ, dagsettri 10. mars 2013, og í skýrslu Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ, dagsettri 25. mars 2013, er haft eftir kærðu að þjálfari hennar hafi föstudaginn 8. mars 2013 sagt við hana að hún myndi (líklega) falla á lyfjaprófi ef hún færi í það þá. Ekki hefur verið lagður fram vitnisburður frá þjálfaranum í þessu máli. Í greinargerð lögmanns kærðu, dagsettri 17. apríl 2013, er haft eftir þjálfaranum að hann hafi ekki fullyrt við kærðu að hún myndi mælast of há í testósteróni ef hún færi í lyfjapróf, heldur sagt henni að hún gæti mælst há í lyfjaprófi en hann gæti ekki staðhæft neitt um það. Í greinargerð lögmanns kærðu, dagsettri 14. júní 2013, er enn fremur haft eftir þjálfaranum að hann hafi í upphafi talið að varan væri lögleg, en þegar kærða byrjaði að þyngjast hratt fór hann að skoða vöruna betur og bað kærðu að hætta að taka hana inn.

Þar sem málsgögnum ber saman um að tilgreind orð þjálfara við kærðu um hugsanlegt fall hennar á lyfjaprófi hafi verið viðhöfð föstudaginn 8. mars 2013, en þá var ljóst að kærða hafði hætt að taka inn vöruna 6 dögum fyrr, telur dómurinn ekki í ljós leitt að kærða hafi á þeim tíma sem hún tók inn vöruna talið að varan innihéldi efni af bannlista WADA.

3.

Í lýsingu á málavöxtum í kæru er staðhæft að í samtali við starfsmann Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ að kvöldi laugardagsins 9. mars 2013 hafi kærða sagst hafa um tveggja vikna skeið neytt efna sem væru á bannlista. Þetta er ekki í samræmi við það sem kemur fram í yfirlýsingu starfsmannsins, en þar segir að kærða hafi sagt starfsmanninum að þjálfari hennar hefði sagt henni daginn áður að lyfjaeftirlitið væri að leita að henni til að boða í lyfjapróf en að líklegt

væri að hún myndi falla ef hún færi í lyfjapróf strax. Yfirlýsing viðkomandi starfsmanns er í samræmi við það sem kemur fram í skýrslu Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ, dagsettri 25. mars 2013. Ofangreind staðhæfing í kæru Lyfjaráðs er ennfremur ekki í samræmi við vitnisburð kærðu, en eins og áður segir telur dómurinn að kærða hafi tekið inn umrædda vöru, en fellst ekki á að í því felist játning á notkun efnis af bannlista WADA.

Af framansögðu er það álit dómsins að ósönnuð sé sú staðhæfing sem fram kemur í kæru að kærða hafi sagst hafa um tveggja vikna skeið neytt efna sem eru á bannlista.

Í kæru Lyfjaráðs á hendur íþróttamanninum er ekki tilgreint hvaða efni af bannlista WADA er talið vera í umræddri vöru, en vísað til skýrslu Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ, dagsettrar 25. mars 2013, um málavexti. Í þeirri skýrslu kemur fram að upplýsingar um vöruna megi finna á vefsíðunni [www.legalsteroids.com](http://www.legalsteroids.com). Á undirsíðunum [legalsteroids.com/d-bol.html](http://legalsteroids.com/d-bol.html) og [legalsteroids.com/d-bol2.html](http://legalsteroids.com/d-bol2.html) á þeirri vefsíðu eru upplýsingar um vöru með heitinu D-Bol frá framleiðandanum SDI-LABS. Ennfremur kemur fram í skýrslu Lyfjæftirlitsnefndar að varan heiti D-Bol og samkvæmt innihaldslýsingu á vefsíðunni sé virka efnið í henni Methadrostenol TM (þar ritað Methadrostanol, þar sem TM virðist vera vörumerkistáknun), sem sé á bannlista WADA í flokki S1 (vefaukandi efni), nánar tiltekið í undirflokknum 1a (utanaðkomandi vefaukandi karlkynssterar). Heiti vörunnar og virka efnisins í skýrslu Lyfjæftirlitsnefndar eru í samræmi við það sem kemur fram í vitnisburði kærðu og á vefsíðunni, utan smávægilegrar misritunar. Því verður að telja að kærandi álíti að það innihaldsefni vörunnar D-Bol frá SDI-LABS, sem sé á bannlista WADA, sé Methadrostenol.

Efnaheitið Methadrostenol er ekki að finna í kafla S1, undirflokki 1a í bannlista WADA, en hafa ber í huga að upptalning efna í þessum kafla er ekki tæmandi og í hann falla einnig „önnur efni með svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif“, en það orðalag er notað til að komast hjá því að kaflinn þurfi að innihalda tæmandi upptalningu bannaðra efna í þessum flokki, sem væri ógerlegt. Í kaflanum er hins vegar að finna efnaheitið Methandienone, en samheiti þess (sem ekki kemur fram í bannlistanum) er Methandrostenolone, sem líkist Methadrostenol, heitinu á innihaldsefni vörunnar D-Bol frá SDI-LABS. Methandienone (Methandrostenolone) er meðal þeirra efna úr flokki S1 í bannlistanum sem einna oftast hafa komið við sögu í málum er varða lyfjamisnotkun og er m.a. virka efnið í töflum frá ýmsum framleiðendum þar sem D-Bol er ýmist vöruheitið eða áberandi hluti þess. Algengast er að sýna fram á misnotkun þess með því að greina niðurbrotsefni þess, 17β-hydroxymethyl,17α-methyl-18-norandrost-1,4,13-trien-3-one, í þvagsýni.

Við leit að heitinu Methadrostenol í efnafræðigagnagrunninum ChemSpider, sem inniheldur upplýsingar um meira en 26 milljónir mismunandi efnasambanda, fannst ekkert efni með þessu nafni. Við leit að Methadrostenol með Google leitarvélinni fundust engar síður með efnafræðilegum upplýsingum um efni með því nafni, en fjölmargar síður þar sem fjallað var um vöruna D-Bol frá SDI-LABS.

Á framlögðu dómskjali er yfirlýsing frá lyfjafræðingi, dagsett 14. júní 2013, þar sem því er haldið fram að ekki verði séð af innihaldslýsingu vörunnar D-Bol frá SDI-LABS að hún innihaldi nein efni sem eru á bannlista. Yfirlýsingunni fylgir ljósmynd af umbúðum vörunnar, þar sem greina má ítarlegri innihaldslýsingu. Þar kemur fram að heitið Methadrostenol er ekki efnaheiti heldur vörumerki, enda er það ritað með vörumerkistáknun (TM), sem virðist eiga við sérstaka efnablöndu (a refined proprietary composite) sem nánar er lýst á umbúðunum. Í henni eru ekstraktar úr nokkrum jurtategundum, sem algengt er að nota í fæðubótarefni og eru



sumar þeirra taldar geta aukið framleiðslu testósteróns í líkamanum, þó ekki hafi þótt ástæða til að bæta þessum jurtum eða efnum unnum úr þeim á bannlista WADA. Auk þessara extrakta og nokkurra annarra algengra efna og efnasambanda sem ekki eru á bannlista WADA eru hins vegar í innihaldslýsingu Methadrostenol efnablöndunnar talin upp tvö efni sem hafa svipaða efnafræðilega byggingu og vefaukandi sterar. Hvorugt þeirra er tilgreint sérstaklega á bannlista WADA, en eins og áður sagði er upptalning bannaðra efna í kafla S1, undirkafla 1a, ekki tæmandi og þessi efni gætu því hugsanlega fallið undir skilgreininguna „önnur efni með svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif“.

Fjallað er um annað þessara efna, 20-Hydroxyecdysone (einnig nefnt Ecdysterone), sem aðeins er nefnt með efnaformúlu sinni (7,(5β)-cholesten-2β,3β,14α,20R,22R,25-hexol-6-one) á umbúðum vörunnar, í greinargerð kærðu og þjálfara hennar, dagsettri 6. júlí 2013. Hitt efnið er 11,20-Dihydroxyecdysone (einnig nefnt Turkesterone). Bæði þessi efni tilheyra undirflokki steraefna sem nefnist ecdysteroids, en meðal efna í þeim flokki eru hormón sem stjórna æxlun og hamskiptum skordýra og annarra liðdýra. Eins og fram kemur í greinargerð kærðu og þjálfara hennar, dagsettri 6. júlí 2013, hefur sumum efnum úr þessum efnaflokki verið blandað í fæðubótarefni vegna þess að þau eru af einhverjum talin vefaukandi, en nýleg rannsókn bendir þó ekki til að 20-Hydroxyecdysone hafi slík áhrif (Wilborn, C.D. *et al.*, Journal of the International Society of Sports Nutrition 2006, 3:19-27). Engar sambærilegar rannsóknir á 11,20-Dihydroxyecdysone eru tiltækar. Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu sem styðja að þessi tvö efni séu vefaukandi eða skuli af öðrum ástæðum teljast til bannaðra efna samkvæmt bannlista WADA eða að þau hafi komið við sögu í málum er vörðuðu lyfjamisnotkun. Til að ákvarða hvort inntaka þeirra skuli teljast lyfjamisnotkun þarf því að skera úr um hvort þau teljist bönnuð vegna þess að þau falli undir orðalagið „önnur efni með svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif“.

Túlkun á orðalaginu „önnur efni með svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif“ samkvæmt orðanna hljóðan myndi leiða til þess að öll efni sem líkjast að efnafræðilegri byggingu einu eða fleiri bönnuðum efnum í þeim flokkum bannlistans þar sem þetta orðalag er notað væru sjálfkrafa einnig bönnuð. Við mat á því hvort tiltekið efni falli undir þetta orðalag, einkum ef ekki eru tiltæk gögn sem sýna fram á árangursbætandi eða önnur líffræðileg áhrif viðkomandi efnis, er hins vegar nauðsynlegt að hafa í huga að mörg efni með svipaða efnafræðilega byggingu og bönnuð efni geta verið algeng og jafnvel nauðsynleg líkamanum, en ekki haft árangursbætandi áhrif. Efnasambönd með einkennandi efnabyggingu steraefna (þrír sexhyrndir kolefnishringir og einn fimmhyrndur samtengdir, með mismunandi hliðarhópum) skipta til dæmis þúsundum og meðal þeirra eru efni sem eru nauðsynleg líkamanum en vitað er að ekki hafa árangursbætandi áhrif (t.d. kólesteról). Ef öll efni sem deila þessari grunnbyggingu teldust sjálfkrafa bönnuð, t.d. vegna þess að bannaða efnið Methandienone (Methandrostenolone) hefur hana og þau væru þannig „með svipaða efnafræðilega byggingu“ og Methandienone, væru öll steraefni einfaldlega bönnuð og því engin ástæða til að tilgreina nánar hver þeirra ættu að vera á bannlistanum, eins og þó er gert (t.d. utanaðkomandi, vefaukandi karlkynssterar). Því virðist ljóst að ekki sé sjálfgefið að efni „með svipaða efnafræðilega byggingu“ og tilgreint bannað efni sé sjálfkrafa bannað.

Alþjóðaíþróttadómstóllinn (CAS), sem er æðsti áfrýjunardómstóll heims í íþróttamálum kvað árið 2004 upp fordæmisgefandi dóm varðandi túlkun á orðalaginu „önnur efni með svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif“ (CAS 2004/A/726), sem síðan hefur verið vísað til í öðrum málum við sama dómstól (CAS 2009/A/1918 og CAS 2009/A/2019). Þar segir:

1. Þó íþróttamenn geti ekki véfengt ákvörðun WADA um að bæta tilgreindu efni á bannlistann, geta þeir véfengt ákvörðun um að líta svo á að annað tiltekið efni, sem ekki er sérstaklega tilgreint sem bannað efni, sé einnig bannað á þeim forsendum að það sé „svipað“ öðru efni sem sé sérstaklega tilgreint á bannlista WADA.
2. Til að efni teljist bannað á þeim forsendum að það hafi „svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif“ þarf að sýna fram á líkindi við eitt eða fleiri efni sem sérstaklega eru tilgreind í viðkomandi flokki bannlistans. Ekki er nóg að WADA, IOC eða annar lyfjæftirlitsaðili slái því föstu að tiltekið efni falli í einhvern þann flokk bannlistans þar sem þetta orðalag er notað og sé því bannað (ef það er véfengt af íþróttamanninum), án þess að tilgreina hvaða efni, sem sérstaklega er tilgreint sem bannað í viðkomandi flokki bannlistans, hið „svipaða“ efni líkist.
3. Til að efni teljist bannað á þeim forsendum að það hafi „svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif“ þarf að íhuga þau þrjú skilyrði sem sett eru fram í grein 4.3 í Alþjóða lyfjareglunum (efnið hafi burði til að bæta árangur, stofni heilsu íþróttamannsins í hættu eða stríði gegn íþróttandaðanum). Aðeins er hægt að líta á efni sem bannað á þeim forsendum að það sé „svipað“ tilgreindu bönnuðu efni ef það uppfyllir tvö af þessum þremur skilyrðum.

Af ofangreindum upplýsingum um innihaldsefni Methadostenol efnablöndunnar, sem er að finna í vörunni D-Bol frá SDI-LABS, er augljóst að tvö þeirra (20-Hydroxyecdysone og 11,20-Dihydroxyecdysone) hafa svipaða efnafræðilega byggingu og ýmis önnur efni í flokki S1, undirflokki 1a í bannlista WADA (einkennandi efnabyggingu steraefna), en eru ekki tilgreind sérstaklega í bannlistanum. Í greinargerðum lögmanns kærðu, dagsettum 17. apríl 2013 og 14. júní 2013, kemur fram að kærða véfengir að efni á bannlista WADA sé að finna í þeirri vöru sem hún viðurkenndi að hafa tekið inn. Með hliðsjón af fyrrgreindum fordæmisgefandi dómi Alþjóðaíþróttadómstólsins er því nauðsynlegt að færa fram rök fyrir því að þessi tvö innihaldsefni vörunnar uppfylli tvö af ofangreindum þremur skilyrðum til að unnt sé að sakfella íþróttamann fyrir lyfjamisnotkun á grundvelli þess að hafa tekið þau inn. Engin slík rök hafa verið færð fram í málinu og telur dómurinn því ósannað að þessi efni skuli teljast til bannaðra efna í flokki S1, undirflokki 1a í bannlista WADA á grundvelli orðalagsins „önnur efni með svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif“. Dómurinn telur því einnig ósannað að inntaka efnanna 20-Hydroxyecdysone og 11,20-Dihydroxyecdysone, teljist lyfjamisnotkun.


Að fenginni þeirri niðurstöðu að ósannað sé að þau tvö efni sem hér hefur verið fjallað um skuli teljast til bannaðra efna á bannlista WADA er ekki hægt að ráða af þeirri innihaldslýsingu vörunnar D-Bol frá SDI-LABS sem tiltæk er að í vörunni sé að finna nein efni á bannlistanum. Dómurinn tekur hins vegar fram að á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fram í málinu er ekki hægt að útiloka að í vörunni séu einhver innihaldsefni sem ekki koma fram í innihaldslýsingu hennar og gætu verið á bannlistanum. Ekki er hægt að skera óyggjandi úr því nema með niðurstöðum efnagreiningar á annað hvort vörunni eða sýni frá einstaklingi sem hefði neytt hennar. Engin slík gögn hafa verið lögð fram í málinu.

Í greinargerð kærðu og þjálfara hennar, dagsettri 6. júlí 2013, er því haldið fram að svo virðist sem sönnunarfærsla kæranda varðandi það hvaða innihaldsefni vörunnar D-Bol frá SDI-LABS sé að finna á bannlista WADA snúist ekki um þau efni sem innihaldslýsing gefur til kynna að sé að finna í vörunni, heldur um efni sem hafið sé yfir nokkurn vafa að sé vefjaaukandi efni og bannað í íþróttum, en engar upplýsingar liggi fyrir um að sé að finna í vörunni. Eins og fyrr segir er í kærnu Lyfjaráðs á hendur íþróttamanninum ekki tilgreint hvaða efni af bannlista WADA er talið vera í umræddri vöru, en vísað til skýrslu


Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ, dagsettrar 25. mars 2013, um málavexti. Þar er staðhæft að um sé að ræða Methadostenol, sem sé í flokki S1, undirflokki 1a á bannlista WADA, þrátt fyrir að efni með því heiti sé ekki tilgreint á bannlistanum. Í greinargerð Lyfjaráðs, dagsettri 3. maí 2013, er vísað til þess að þessi flokkur bannlistans innihaldi einnig „önnur efni með svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif“. Þó heitið Methadostenol sé ekki nefnt í þeirri greinargerð, er hún framhald sönnunarfræslu sem hófst með kæru Lyfjaráðs, byggðri á skýrslu Lyfjæftirlitsnefndar, þar sem efni með því heiti er tilgreint sem hið bannaða efni. Tilvísun til þess að umræddur flokkur bannlistans innihaldi einnig „önnur efni með svipaða efnafræðilega byggingu eða svipuð líffræðileg áhrif“ verður því ekki skilin á annan hátt en að þar sé átt við að efni með heitinu Methadostenol, sem nefnt er í skýrslu Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ, dagsettri 25. mars 2013, teljist til bannlistans af þeirri ástæðu.

Eftir að fram hafði komið í yfirlýsingu lyfjafræðings, dagsettri 14. júní 2013, að Methadostenol sé ekki efnaheiti heldur heiti efnablöndu, lagði kærandi fram nýja greinargerð, dagsetta 1. júlí 2013. Þar er staðhæft að helsta virka efnið í vörunni D-Bol frá SDI-LABS, sé í raun talið upp í innihaldslýsingu efnablöndunnar Methadostenol, þ.e. efnið 7, (5β) –CHOLESTEN - 2β, 3β, 14α, 20R, 22R, 25-HEXOL-6-ONE. Einnig er staðhæft að talað sé um það efni í öllum texta á vefsíðum framleiðanda vörunnar, þar sem því sé einnig lýst hvernig efnabyggingu hins þekkta anabólíska stera dianabol (Methandrostenolone) hafi verið breytt við kolefnisfrumeind 17 í einkennandi efnabyggingu steraefna. Þessar staðhæfingar verða ekki skildar með öðrum hætti en að átt sé við að efnið 7, (5β) –CHOLESTEN - 2β, 3β, 14α, 20R, 22R, 25-HEXOL-6-ONE sé myndað með breytingu á efnabyggingu Methandienone (Methandrostenolone) við kolefnisfrumeind 17. Loks er staðhæft í greinargerðinni að þetta efni (væntanlega 7, (5β) –CHOLESTEN - 2β, 3β, 14α, 20R, 22R, 25-HEXOL-6-ONE ) myndi niðurbrotsefni sem tilheyri efni á bannlista WADA, sem staðfesti svipuð líffræðileg áhrif. Er þar væntanlega átt við svipuð líffræðileg áhrif og það efni á bannlista sem myndar umrætt niðurbrotsefni, þó hvorki það efni á bannlista sem átt er við né það niðurbrotsefni sem átt er við séu tilgreind. Hins vegar er byggt á því í kærinni, eins og síðar verður vikið að, að efnið 17β-hydroxymethyl, 17α-methyl-18-norandrost-1,4,13-trien-3-one geti myndast eftir inntöku vörunnar D-Bol frá SDI-LABS, svo væntanlega er hér átt við það efni, sem er það niðurbrotsefni bannaða efnisins Methandienone (Methandrostenolone) sem oftast er notað til að sýna fram á misnotkun þess.

Í greinargerð kærðu og þjálfara hennar, dagsettri 6. júlí 2013, er því haldið fram að efnaformúlan sem sýnd er í innihaldslýsingu vörunnar D-Bol frá SDI-LABS, þ.e. (7, (5β) –CHOLESTEN - 2β, 3β, 14α, 20R, 22R, 25-HEXOL-6-ONE), sé ekki formúla fyrir Methandienone (Methandrostenolone), heldur formúla fyrir 20-Hydroxyecdysone, og hefur dómurinn gengið úr skugga um að það er rétt. Í tölvupósti frá lyfjafræðingi, dagsettu 5. júlí 2013, kemur einnig fram að efnin séu ólík og að ekki verði séð að efnið sem er að finna í vörunni D-Bol (20-Hydroxyecdysone) sé niðurbrotsefni Dianabol (Methandrostenolone). Dómurinn hefur gengið úr skugga um að byggingarformúlur þessara tveggja efna eru ólíkari en svo að Methandienone verði breytt í 20-Hydroxyecdysone eingöngu með breytingu á efnabyggingu Methandienone við kolefnisfrumeind 17 (sjá myndir, kolefnisfrumeind 17 er á efsta horni fimmhyrningsins).



Methandienone  
(Methandrostenolone)



20-hydroxyecdysone  
(7, (5 $\beta$ )–CHOLESTEN - 2 $\beta$ , 3 $\beta$ , 14 $\alpha$ , 20R, 22R, 25-  
HEXOL-6-ONE)

Þó það skipti ekki máli fyrir úrlausn málsins bendir dómurinn á að andstætt því sem haldið er fram í greinargerð kæranda, dagsettri 1. júlí 2013, er efnið 7, (5 $\beta$ )–CHOLESTEN - 2 $\beta$ , 3 $\beta$ , 14 $\alpha$ , 20R, 22R, 25-HEXOL-6-ONE ekki nefnt á vefsíðum framleiðanda vörunnar (undirsíðunum [legalsteroids.com/d-bol.html](http://legalsteroids.com/d-bol.html) og [legalsteroids.com/d-bol2.html](http://legalsteroids.com/d-bol2.html)). Þar er aðeins rætt um að varan D-Bol innihaldi Methandrostenol, sem sýnt hefur verið fram á að sé efnablanda sem inniheldur m.a. 20-Hydroxyecdysone og 11,20-Dihydroxyecdysone. Efnaheitið Methandienone er hvergi nefnt á vefsíðunum og efnaheitið Methandrostenolone aðeins einu sinni, þá sem virka efnið í vöru með heitinu Dianabol, en á vefsíðunum kemur fram að það sé ekki sama varan og D-Bol. Einnig er því haldið fram á vefsíðunum að andstætt Dianabol (Methandrostenolone), sem sé bönnuð vara, sé D-Bol (Methandrostenol) leyfileg vara. Ennfremur bendir dómurinn á að ekki verður séð að staðhæfing í greinargerð kæranda, dagsettri 1. júlí 2013, um að efnið 7, (5 $\beta$ )–CHOLESTEN - 2 $\beta$ , 3 $\beta$ , 14 $\alpha$ , 20R, 22R, 25-HEXOL-6-ONE geti myndað sama niðurbrotsefni og efni á bannlista WADA sé studd neinum rökum.

Af framansögðu er því ljóst að kára þessi sé byggð á því að kærandi hafi ályktað að efnið 20-Hydroxyecdysone (7, (5 $\beta$ )–CHOLESTEN - 2 $\beta$ , 3 $\beta$ , 14 $\alpha$ , 20R, 22R, 25-HEXOL-6-ONE), sem er að finna í innihaldslýsingu efnablöndunnar Methandrostenol sem er í vörunni D-Bol frá SDI-LABS, en ekki hefur verið sýnt fram á að hafi vefjaaukandi áhrif, sé efni náskylt Methandienone (Methandrostenolone), sem er á bannlista WADA, og myndi sömu niðurbrotsefni og hafi svipuð líffræðileg áhrif og það efni. Ekkert hefur komið fram í gögnum málsins sem bendir til þess að sú ályktun fái staðist.

4.

Í greinargerð kæranda er vísað til niðurstöðu efnagreiningar á sýni frá íþróttamanni sem hafði tekið inn D-Bol, en í því sýni greindist niðurbrotsefnið 17 $\beta$ -hydroxymethyl,17 $\alpha$ -methyl-18-norandrost-1,4,13-trien-3-one. Ennfremur er í greinargerð Lyfjaráðs dagsettri 1. júlí 2013 vísað til dóms í því máli, 2/2013 fyrir dómstól ÍSÍ, þar sem íþróttamaðurinn var sakfelldur á grundvelli efnagreiningarinnar. Byggir kærandi á því að á grundvelli málavaxta í máli 2/2013 megi álykta að kærða, sem hefur viðurkennt að hafa tekið inn vöruna D-Bol frá SDI-LABS, hafi einnig tekið inn bannað efni, sem væntanlega myndi leiða til þess að þetta tiltekna niðurbrotsefni myndi greinast ef sýni frá kærðu yrði efnagreint.

Í greinargerð lögmanns kærðu, dagsettri 14. júní 2013, er þessari ályktun mótmælt, enda sé ósannað að um sömu vöru hafi verið að ræða í báðum málunum. Í greinargerð kærðu og þjálfara hennar, dagsettri 6. júlí 2013, er ennfremur vísað í dóm í máli 02/2013 og bent á að umrætt niðurbrotsefni, sem lá til grundvallar sakfellingu í því máli, er niðurbrotsefni

Methandienone (Methandrostenolone), sem færð hafa verið rök fyrir að hafi verið ruglað saman við innihaldsefni þeirrar vöru sem kærða neytti í þessu máli.

Málgögn í máli 2/2013 hafa ekki verið lögð fram í þessu máli, en dómur í málinu hefur verið gerður opinber og verður því á honum byggt. Þar kemur fram að kærði hafi greint frá því að hann hafi þegið næringardrykk hjá bróður sínum í góðri trú, en síðar hafi komið í ljós að bróðir kærða hafði verið nýbúinn að útbúa annan drykk fyrir sjálfan sig og sett út í hann töflur sem heita D-bol og innihalda vefaukandi stera sem greint niðurbrotsefni tengist. Ekki kemur fram í dómnum að staðfest hafi verið hvort þetta hafi verið ástæða þess að umrætt niðurbrotsefni greindist í þvagsýni kærða eða að staðfest hafi verið um hvaða vöru með heitinu D-bol var að ræða, enda marklaust þar sem tilvist umrædds niðurbrotsefnis í sýni íþróttamannsins var fullnægjandi sönnun lyfjamisnotkunar, sbr. grein 2.1 í lögum ÍSÍ um lyfjamál. Í því máli sem hér er til úrlausnar liggur hins vegar ekki fyrir efnagreining á sýni frá kærðu. Því þarf að skera úr um hvort álykta megi á grundvelli málavaxta í máli 2/2013 að kærða hafi tekið inn bannað efni.

Við leit að D-Bol með Google leitarvélinni fundust margar síður þar sem fjallað var um vörur þar sem D-Bol er ýmist vöruheitið eða áberandi hluti þess, og eru nokkrar þeirra sýndar í töflunni hér fyrir neðan.

#### Nokkrar vörur þar sem D-Bol er ýmist vöruheitið eða áberandi hluti þess (ekki tæmandi upptalning)

Vöruheiti	Framleiðandi	Vefslóð	Uppgefið virkt efni
D-BOL	SDI-LABS	<a href="http://legalsteroids.com/d-bol.html">http://legalsteroids.com/d-bol.html</a> <a href="http://legalsteroids.com/d-bol2.html">http://legalsteroids.com/d-bol2.html</a>	Methadrogenol™
D-BOL 20	Generic	<a href="http://www.anabolonline.com/d-bol-20-dianabol-20mg-x-150-p-279.html?zenid=061fea17f4a2400e183e36261b8151b9">http://www.anabolonline.com/d-bol-20-dianabol-20mg-x-150-p-279.html?zenid=061fea17f4a2400e183e36261b8151b9</a>	Methandienone (Methandrostenolone)
Methandienone (D-bol)	GENESIS	<a href="http://steroidbay.com/products/12-methandienone-d-bol.aspx">http://steroidbay.com/products/12-methandienone-d-bol.aspx</a>	Methandienone (Methandrostenolone)
DBOL	Alpha Generics	<a href="http://steroidboutique.fr/7-large_default/d-bol-10mg-x-50-tablets.jpg">http://steroidboutique.fr/7-large_default/d-bol-10mg-x-50-tablets.jpg</a>	Methandrostenolone
Dbol 50	British Pharmaceuticals	<a href="http://interbolica.com/tablets.php">http://interbolica.com/tablets.php</a>	Methandrostenolone
DBOL 20	Biomex Labs	<a href="http://buy-steroids.com.au/Dbol%2020%20(Methandienone)">http://buy-steroids.com.au/Dbol%2020%20(Methandienone)</a>	Methandienone (Methandrostenolone)
DBol-10	Northern Pharma	<a href="http://northernrx.com/secure/euro_can/en/products/tab/prd_nrx_dbol-10_tab_en.html">http://northernrx.com/secure/euro_can/en/products/tab/prd_nrx_dbol-10_tab_en.html</a>	Methandrostenolone

Vörur þessar eru frá mörgum framleiðendum, en eiga það flestar sameiginlegt að virka efnið í þeim er Methandienone (Methandrostenolone), sem er á bannlista WADA, en niðurbrotsefni þess, 17β-hydroxymethyl,17α-methyl-18-norandrost-1,4,13-trien-3-one, greindist í sýni kærða í máli 2/2013. Undantekning frá þessu er varan D-Bol frá SDI-LABS, þar sem gefið er upp að virka efnið sé Methadrogenol, eins og fram hefur komið hér fyrir ofan. Í máli 2/2013 lágu ekki fyrir neinar upplýsingar um þá vöru sem talið var að gæti hafa valdið því að umrætt niðurbrotsefni greindist í sýni kærða (t.d. um framleiðanda), aðrar en að þar hefði verið um að ræða töflur með heitinu D-bol, en sú staðhæfing var ekki rannsökuð frekar. Í ljósi þess hve margar mismunandi vörur frá mismunandi framleiðendum en með svipuðu nafni eru á markaði er ekki hægt að slá því föstu að varan sem vísað er til í máli 2/2013 hafi verið D-Bol frá SDI-LABS, sem kærða í þessu máli hefur viðurkennt að hafa tekið inn.

Er það niðurstaða réttarins að það teljist ósannað að kærða hafi tekið inn sömu vöru og talin var hafa getað valdið því að umrætt niðurbrotsefni greindist í sýni kærða í máli 2/2013. Dómurinn bendir auk þess á að engu hefði breytt þó sýnt hefði verið fram á að um sömu vöru

hefði verið að ræða, þar sem ekki var sannað í máli 2/2013 að vara með heitinu D-bol hefði valdið því að umrætt niðurbrotsefni greindist í sýni kærða.

Dómurinn ítrekar að ekki er hægt að útiloka að í vörunni D-Bol frá SDI-LABS séu einhver innihaldsefni sem ekki koma fram í innihaldslýsingu hennar og gætu verið á bannlista WADA, en engin sönnunargögn þar að lútandi hafa verið lögð fram í málinu.

Kærða hefur óskað eftir að dómur þessi verði birtur með nafnleynd, en dómurinn telur það ekki þjóna hagsmunum kærðu.

### **DÓMSORÐ**

Kærða, Jónína Sveinbjörnsdóttir, kt. 170587-3249, telst sýkn af öllum kröfum kæranda, Lyfjaráðs ÍSÍ í þessu máli.

Gunnar Guðmundsson  
sign

Sigurður I. Halldórsson  
sign

Sigurður Magnússon  
sign

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að aðila máls var kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.